

Bstj. 15. nóvember 2011

2. mál Tillaga vegna Evrópuárs sjálfbóðaliðastarfs 2011 (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla hér að mæla fyrir tillögu okkar sjálfstæðismanna í tilefni af Evrópuári sjálfbóðaliðastarfs og hljómar tillagan svo, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur þakkar af heilum hug fyrir framlag þeirra tugþúsunda Reykvíkinga sem sinna fórnfúsu og óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi í þágu íbúa Reykjavíkur. Ljóst er að slíkt sjálfbóðaliðastarf er drifkraftur í starfsemi fjölmargra félaga og samtaka sem bæta mannlíf í borginni með ýmsum hætti, til dæmis með íþróttaiðkun, æskulýðsstarfi, foreldrastarfi í skólum, starfi í þágu eldri borgara, umhverfisstarfi, kristilegu starfi, mannúðarmálum og svo framvegis. Borgarstjórn lýsir yfir stuðningi við meginmarkmið Evrópuárs sjálfbóðaliðastarfs 2011 og samþykkir jafnframt að halda alþjóðlegan dag sjálfbóðaliðans 5. desember hátíðlegan ár hvert með því að efna þann dag til kynnisheimsókna borgarfulltrúa til frjálsra félaga og samtaka í borginni sem sinna sjálfbóðaliðastarfi.

Í greinargerð með tillögunni segir að það sé löng hefð fyrir sjálfbóðaliðastarfi í Reykjavík. Ég held að við getum öll verið sammála um það að við búum í mjög góðri borg. Hér er stundað blómlegt félags- og mannræktarstarf og það er að miklu leyti drifið áfram af sjálfbóðaliðum. Ég held að ég geti alveg fullyrt að flestir Reykvíkingar hafi einhvern tímann tekið þátt í sjálfbóðaliðastarfi, en rannsóknir sýna að um 40% landsmanna sinni nú einhverskonar sjálfbóðaliðastarfi. Fólk á öllum aldri ver þannig hluta frítíma síns í þágu náungans til þess að bæta þjóðfélagið í þágu mannbætandi starfs af ýmsu tagi.

Stærstum hluta áðurnefndrar starfsemi er sinnt af sjálfbóðaliðum og það er algjörlega ljóst að þjóðhagslegur ávinningur af sjálfbóðaliðasamtökum er mikill. Stundum er rætt um sjálfbóðaliðasamtök sem þriðja geirann og hafa rannsóknir sýnt að eftir því sem slíkt starf er öflugra þeim mun traustari eru innviðir viðkomandi samfélags þar sem sjálfbóðaliðastarfið er öflugt. Á hverjum degi er fjöldi sjálfbóðaliða að störfum, þeir eru kannski ekki öllum sýnilegir, en ég held að við kjörnir fulltrúar ættum að gefa þessu meiri gaum viðurkenna þennan þátt, hvað þeir leggja af mörkum til okkar þjóðfélags. Og svo auðvitað á tímum sparnaðar í opinberum rekstri, þá náttúrulega vegur þetta auðvitað þyngra en ella að við metnaðarfullir borgarfulltrúar sem viljum leggja öllum góðum málum lið,

Bstj. 15. nóvember 2011

Það er auðvitað auðveldara að leggja slíkum góðum málum lið þegar því er sinnt af sjálfbóðaliðasamtökum, þá er þetta minni kostnaður, þannig er það.

Nú stendur yfir þetta Evrópuár sjálfbóðaliðastarfs og það hefur verið með margvíslegum hætti í Evrópu, í öllum löndum Evrópu hefur verið vakin athygli á þessu starfi og Rauði krossinn hefur meðal annars gengist fyrir dagskrá á Íslandi til að vekja athygli á þessu. En árinu er ætlað til að hvetja fleiri til sjálfbóðaliðavinnu og bregðast við vanda sem sjálfbóðaliðar glíma við. Og þessi fjögur meginmarkmið Evrópuársins sem er komið inn á í sjálfri tillögunni að borgarstjórn styðji eru eftirfarandi: Ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir auknu sjálfbóðaliðastarfi. Styrkja sambönd sjálfbóðaliða og auka gæði sjálfbóðaliðastarfs. Verðlauna og veita sjálfbóðaliðum viðurkenningu fyrir mikilvægt framlag þeirra til samfélagsins og auka skilning á gildi og mikilvægi sjálfbóðaliðastarfs í þágu almennings.

Og það má segja að borgarstjóri hafi riðið á vaðið með ágætum hætti hérna í vor þegar að hann gerði þátt sjálfbóðaliða í borginni að umtalsefni og verðlaunaði sjálfbóðaliða, mann sem vann í sínu nærumhverfi við að fegra það og gera það betra. Sá maður var ekki fulltrúi neinna samtaka, ég held að hann hafi tekið þetta upp hjá sjálfum sér, en er í rauninni góður fulltrúi bara þeirra fjölmörgu sjálfbóðaliða sem á hverjum degi allt í kringum okkur taka slík góðverk upp hjá sjálfum sér og leysa þau af hendi og ætlast ekki til að fá neina umbun eða greiðslu fyrir og það er auðvitað bara hið besta mál að það sé gert eitthvað úr því og honum var boðið að veiða í Elliðaánum ef ég man rétt og borgarstjóri fjallaði af því tilefni um þátt þessa sjálfbóðaliða.

En í þessari tillögu er kannski aðeins meiri fókus á samtökin sem slík. Ég held að það væri mjög vel til fundið að halda upp á þetta ár og halda upp á þennan alþjóðlega dag sjálfbóðaliðans á hverju ári, ekki með einhverjum miklum fjárútlátum eða hátíðum eða kokteílum heldur einfaldlega með því að okkur borgarfulltrúum, okkur verði gefinn kostur á því að heimsækja í stutta stund eða jafnvel allan daginn, heimsækja sjálfbóðaliðasamtök og sjá það starf sem þar fer fram. Mörg þessara sjálfbóðaliðasamtaka fá með einhverjum hætti stuðning frá borginni og okkar embættismönnum verður ekki skotaskuld úr því að koma á slíkum fundum og þá gætum við á þessum degi, 15 borgarfulltrúar, við getum

Bstj. 15. nóvember 2011

farið og kíkt út í íþróttafélög, heimsótt foreldrafélög, heimsótt byggingar eldri borgara, heimsótt kristileg félög og umhverfissamtök eða skógræktarfélag eða hvað sem er eða Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpin, ég get ímyndað mér að þar verði mikið að gerast fyrir jólin. Og þar er ég viss um að við borgarfulltrúar öðlumst aukna víðsýni.

Eins og þið vitið, eftir því sem fundunum fjölgar í Ráhúsinu þá er meiri hætta á að við verðum kerfinu að bráð, ég segi það nú svona með gamansömum hætti. En það hlýtur að styrkja okkur í okkar störfum að eiga sem mest samskipti við almenning og hitta að máli þá sem standa fyrir því. Og þegar að tillagan var lögð fram, og um helgina eins og við vitum, þá átti sér stað einhver stærsta leit á Íslandi á síðari árum þar sem var leitað að erlendum ferðamanni sem týndist á Sólheimajökli og því miður náðist ekki að bjarga lífi hans og við flytjum að sjálfsögðu fjölskyldu hans samúðarkveðjur. En það kom í ljós við þessa leit að þetta er einhver stærsta leit síðari ára. Það voru mörg hundruð manns sem tóku þátt í leitinni þegar að mest var, 500 manns minnir mig, og leitinn var að langmestu leyti gerð af sjálfboðaliðum og mörgum úr Reykjavík og við vitum það að ef þessi ólánssami maður hefði ekki fundist þá væru sjálfboðaliðarnir ennþá að leita og þeir hefðu ekki hætt fyrr en hann hefði fundist. Þannig að við sjáum þetta birtast með ólíkum hætti á hverjum degi, framlag sjálfboðaliða til okkar, og ég held að það sé bara hið besta mál að borgarstjórn gefi þessu meiri gaum.

Á næst síðasta borgarstjórnarfundum þá var flutt hér tillaga meirihlutans um stefnumótun um málefni ungs fólks, ágæt tillaga að mörgu leyti. En við gerðum þó smáathugasemd við hana á þeim tíma, okkur fannst hún vera of kerfismiðuð vegna þess að í tillögunni var fókusinn einkum á þá úrlausnir sem kerfið hefur til umráða gagnvart ungu fólki og við sjálfstæðismenn fluttum þá breytingatillögu þar sem við lögðum til að það yrði bætt við inn í tillöguna að það yrði einnig leitað til frjálsra félagasamtaka, athugað hvernig þau gætu komið inn í þessa stefnumótun. Það yrðu skoðuð sérstaklega þau tækifæri sem við, ekki bara við veitum innan kerfisins, heldur hjá frjálsum félögum og samtökum sem sinna starfi með ungmennum á þessu aldursskeiði. Nú, það var vel tekið í þá tillögu og þetta var samþykkt og borgarfulltrúar samþykktu allir sem einn að líta til þessara þátta, þannig að ég á ekki von á öðru en að því verði einnig vel tekið hér að við

Bstj. 15. nóvember 2011

viðurkennum starfssemi sjálfboðaliðasamtaka í borginni og kynnumst þeim betur með því að fara reglulega í heimsóknir til þeirra.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

Bstj. 15. nóvember 2011

2. mál Tillaga vegna Evrópuárs sjálfboðaliðastarfs 2011 (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)

Eva Einarsdóttir: Kæri forseti, kæra borgarstjórn og kærur borgarar. Ég kem hér upp fyrir hönd meirihlutans til að flytja svokallaða málsmeðferðartillögu, en áður en ég kem að henni, þá langar mig til að þakka fyrir góða tillögu. Þessi tillaga sem er hér á borðinu vegna Evrópuárs sjálfboðaliðastarfs 2011 er bara eitthvað sem er góð þæling inn í okkar starf. Sjálfboðaliðastarf er göfugt og samfélagið og heimurinn væri ólíkt því sem við þekktum ef sjálfboðaliða nyti ekki við. Sjálf hef ég gegnt sjálfboðaliðastarfi hérlendis sem og erlendis og örugglega margir hér inni, og ég er þakklát fyrir slíkt tækifæri og ég er þakklát fyrir sjálfboðaliða. Eins hafa íslensk ungmenni til dæmis aukið þátttöku sína í sjálfboðaliðastarfi sem er auðvitað frábær þróun, þetta sá ég í starfi mínu með ungu fólki, að til dæmis eftir kreppu að þá fóru ungmenni allt í einu að skoða önnur tækifæri sem voru kannski ekki launuð í aurum heldur launuð með reynslu og gleði.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi nefndi hér þriðja geirann sem frjáls félagasamtök og sjálfboðaliðasamtök eru oft kölluð og ég er sammála þar að það er alveg ljóst að þarna þarf að ríkja gott samstarf á milli. Hugmynd um heimsóknir til hinna ýmsu sjálfboðaliðasamtaka og frjálsu félagasamtaka finnst mér góð hugmynd sem ég mundi telja að mætti eitthvað útfæra, en engu að síður mér finnst alltaf að við borgarfulltrúar eigum að vera að skoða borgina út frá mörgum flötum og sjálfboðaliðastarfið er eitt af þeim fjölmörgu flötum sem við finnum í okkar borg. En að því sögðu þá munum við hins vegar í meirihlutanaum leggja fram þessa breytingatillögu eða málsmeðferðartillögu. Við teljum að það megi útfæra þetta aðeins betur, kostnað og slíkt við tillöguna, og því er lagt til að tillögu vegna Evrópuárs sjálfboðaliðastarfs 2011 verði vísað til borgarráðs.

Forseti: Borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir því að taka til mál. Fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar leggja fram málsmeðferðartillögu um að tillögu Sjálfstæðisflokksins vegna Evrópuárs sjálfboðaliðastarfs 2011 [forseti hringir bjöllu]. Forseti vill biðja borgarfulltrúa að stíga í borgarstjórnarsal og leggur þá fram málsmeðferðartillögu um að vísa tillögu þessari inn í borgarráð. Þeir sem samþykkja það vilja gefi

Bstj. 15. nóvember 2011

merki. Það telst samþykkt og fleira liggur ekki fyrir undir þessum lið og telst honum lokið.